

# Próf í Canvas

Sígilt eða nýtt?

Í Canvas eru tvö aðskilin prófkerfi, sígilda kerfið og nýja prófakerfið. Svólíttill munur er á kerfunum, því getur gagnast kennara að kanna mögulegar aðgerðir í hvoru kerfi fyrir sig, áður en kerfi er valið og próf sett upp.

Þar sem nýja prófakerfið er í þróun mun aðgerðum í því fjölga og því er þessi samantekt birt með fyrirvara. Nýja prófakerfið mun að lokum taka við af því sígilda. Sjá nánar: [Quizzes timeline – Classic quizzes sunset: https://community.canvaslms.com/t5/New-Quizzes-Users/gh-p/quizzes](https://community.canvaslms.com/t5/New-Quizzes-Users/gh-p/quizzes)

-----

Þegar próf er stofnað með því að fara í *próf* í valmynd námskeiðs og smella þar á *+próf* hnappinn kemur upp gluggi þar sem kennari er beðinn um að velja annað hvort sígilt próf eða nýtt.

+ Próf

## Veldu prófvél

×

Canvas er núna með tvær prófvélar. Veldu hvora þú vilt nota. [Fáðu að vita meira um mismuninn.](#)

**Sígild próf**

Í augnablikinu ef þú þarft öryggi frá verkfærum frá þriðja aðila, Speedgrader, eða CSV fyrir nemanda svörunargreiningar, er þetta betri kostur.

**Ný próf**

Þessi hafa fleiri spurningagerðir eins og heita reiti, flokkun, pörun og röðun. Þau hafa líka fleiri breytinga- og aðlaganaeiginleika.

---

Muna val mitt fyrir þetta námskeið

Hætta við
Skila

Þegar próf er stofnað með því að nota +hnappinn í einingu (viku) verður alltaf til sígilt próf.

## Nokkur grunnatriði

- Spurningabankar kerfanna eru aðskildir. Í sígilda prófakerfinu fylgir spurningabanki námskeiði og er þá afritaður með öðru efni þegar flytja þarf námsgögn á nýjan námskeiðsvef. Í nýja prófakerfinu fylgir spurningabanki notanda. Kennari hefur því aðgang að sama spurningabankanum í öllum námskeiðum.
- Ritill prófakerfanna:
  - Hinn hefðbundni Canvas ritill er í sígilda prófakerfinu. Kennari getur því með einföldum hætti tengt í efni námskeiðs inn í prófspurningu, sett inn vídeó (Panopto, Canvas Studio) eða tekið upp inn í ritlinum, svo dæmi sé tekið.
  - Í ritgerðarspurningu í sígildu prófi fær nemandi upp sama ritil og getur því tekið upp hljóð og mynd inn í ritlinum eða sett inn í ritilinn upptöku úr Canvas Studio.
  - Í nýju prófi kemur upp annar ritill. Varðandi margmiðlunarefni er mögulegt að hlaða upp eða setja inn embed kóða en ekki að taka upp inn í ritlinum eða sækja efni í Panopto og Studio.
- Einfalt er að flytja stakt próf úr sígilda kerfinu í það nýja en ekki öfugt.
- Þegar próf úr nýja prófakerfinu er sett inn í einingu (viku) þá kemur það fram undir verkefnum í valglugganum (en ekki undir próf). Þetta á einnig við þegar námskeið er afritað.

## Nokkrar algengar aðgerðir

Hér fyrir neðan má sjá nokkrar aðgerðir sem eru mismunandi í prófakerfunum.

Aðgerð	Sígilda	Nýja
Tengja hæfniviðmið (niðurstöður í Canvas) við próf	✓*	✓*
Hlaða niður greiningu spurninga í csv skrá og vinna áfram í töflureikni	✓	
Uppsetning á könnunum, metnum eða ómetnum	✓	
Hlaða niður skrá allra nemenda í einu lagi (skrár sem nemendur skila sem svari við spurningu).	✓	
Leiðréttu próf eftir að nemendur hafa tekið það	✓*	✓*
Stilla lengri próftíma nemanda í <b>öllum prófum námskeiðs á einum stað</b> t.d. gefa nemanda 25% lengri próftíma	*	✓
Láta spurningar prófs raðast af handahófi	*	✓
Frádráttur fyrir röng svör		✓
Merkja spurningar til að auðvelda leit í spurningabanka (tag)		✓
Einkunn fyrir spurningu er reiknuð hlutfallslega (fjölsvar, eyðufyllingar, pörun)	✓	
Meta sömu spurningu hjá öllum nemendum í speedgrader	✓	
Deila í opnu efni (commons)	✓	Kemur villa
Afrita próf		✓
Endurheimta próf sem óvart er eytt (/undelete)	✓	

#### \*Hæfniviðmið

Í sígildum prófum er hægt að tengja hæfniviðmið við spurningabanka.

Í nýjum prófum er hægt að tengja hæfniviðmið við próf og tiltekna spurningu (ath. hæfniviðmið heita niðurstöður í Canvas).

#### \*Leiðréttu próf

Í sígilda kerfinu er hægt að breyta hvaða svar er rétt og endurreikna próf í eftirfarandi spurningagerðum: fjölval, fjölsvar, satt/ósatt.

Í nýja kerfinu er hægt að breyta hvaða svar er rétt og endurreikna próf í öllum spurningagerðum sem kerfið reiknar sjálfvirkt úr.

#### \*Lengri próftími

Í sígilda kerfinu þarf að stilla lengri próftíma nemanda í hverju prófi fyrir sig.

#### \*Spurningar raðast af handahófi

Í sígilda prófakerfinu er mögulegt að láta spurningar raðast af handahófi með því að setja spurningarnar í spurningahóp og velja síðan að setja allar spurningar spurningahópsins inn í prófið. Þær raðast þá af handahófi.

### Prófspurningar

Í nýja prófakerfinu eru þrjár nýjar spurningagerðir: flokkun, röðun og heitur reitur. Mögulegt er að velja að reiknivél birtist nemendum við spurningu (basic, scientific), stilla mögulegan orðafjölda í svari nemanda í ritgerðarspurningu og að nemandi sjái orðafjölda um leið og hann skrifar.

- - -

Sjá nánar um muninn á prófakerfunum á vef Canvas samfélagsins:

<https://community.canvaslms.com/t5/New-Quizzes-Users/New-Quizzes-Feature-Comparison/ta-p/243761> Athugið að í umræðum notenda neðar á sömu síðu má einnig fá upplýsingar.